



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps
mánudaginn 10. apríl 2017, kl. 10.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykóhólum.

Mættir: Karl Kristjánsson formaður, Egill Sigurgeirsson og-Rebekka Eiríksdóttir. Einnig sat fundinn
Kristján Ingi Arnarsson byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður.

Formaður nefndarinnar bauð fólk velkomið og setti fundinn. Formaður spurði eftir öðrum málum á
dagskrá, þrjú mál bárust og var samþykkt að setja þau á dagskrá.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð fundar skipulags- húsnæðis- og hafnarnefndar 6. mars 2017.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1703021 - Lóðir á Tröllenda 1 og Tröllenda 2 í Flatey, úthlutun.

Fyrir nefndinni lágu 5 umsóknir um lóðir í Flatey.

Ein umsókn barst í lóð A1, umsókn Minjaverndar dagsett 15. mars 2017.

Umsóknin uppfyllir kvaðir í skipulagi og úthlutunarskilmálum. Umsóknin samþykkt samhljóða.

*Fjórar umsóknir bárust í lóð A2, 3 umsóknir uppfylla annað hvort ekki kvaðir í deiliskipulagi eða
kvaðir í úthlutunarskilmálum.*

*Umsókn Minjaverndar dagsett 15. mars 2017 uppfyllir hvort tveggja og er hún samþykkt
samhljóða.*

3. 1612034 - Framkvæmdir við göngustíga við Langavatn.

Lögð er fram verklýsing og afstöðumynd af göngustígum við Langavatn.

Nefndin samþykkir framlögð gögn og veitingu framkvæmdaleyfis. Samþykkt samhljóða.

4. 1703010 - Bygging skýlis fyrir flöskusöfnun í Flatey.

Lagt fram erindi frá Hilmarí Þ. Björnssyni dagsett 12. mars 2017 og teikning frá arkitektum Á
stofunni Arkitektar.

*Nefndin samþykkir byggingu skýlisins, en gerir athugasemd við teikningu, að skýlið verði látið
líta meira út eins og gamalt bátanaust. Samþykkt samhljóða.*

Mál til kynningar:

5. 1704009 – Vestfjarðavegur milli Bjarkalundar og Skálaness

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, erindi dagsett 28. mars 2017.

Álit lagt fram til kynningar.

Önnur mál:

1. 1607016 - Lagning ljósleiðara í Reykhólahreppi, framkvæmdaleyfi svæði 1

Lagðar eru fram teikningar af svæði 1, Fjarskiptahús Mílu Miðhúsum, að Fjarskiptahúsi Mílu á Árbær/ Staður og niður að Karlsey.

Nefndin veitir byggingafulltrúa leyfi til að gefa út framkvæmdaleyfi, þegar gögn liggja fyrir. Allar lagnaleiðir innan jarða verði í samráði og samþykkt af jarðeigendum. Samþykkt samhljóða.

2. 1603003 – Álagning fasteignagjalda á jarðhita, fyrirspurn frá Ágústi Má Gröndal 10. apríl 2017 um hvar málið er statt í vinnslu.

Byggingafulltrúa var falið málið á sínum tíma, ekki hefur unnist tími til að sinna því fram að þessu vegna anna, málið er því áfram í vinnslu. Málið aðeins rætt.

3. 1704016 - Útboð á slætti innan þéttbýlis Reykhólahrepps, fyrirspurn frá Ágústi Má Gröndal 10. apríl 2017 um hvar málið er statt í vinnslu.

Málið rætt. Nefndin beinir því til umsjónarmanns fasteigna að koma útboði í framkvæmd sem fyrst. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12.30
